

Fundargerð stjórnar BÍS 12/2016, miðvikudaginn 6. júlí 2016 kl. 17:30  
í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.

## Mættir:

Fríður Finna Sigurðardóttir aðstoðarskátahöfðingi, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Ólafur Proppé formaður fræðslaráðs, Sonja Kjartansdóttir formaður fjármálaráðs, Una Guðlaug Sveinsdóttir formaður dagskrárráðs og Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri. Heiður Dögg Sigmarsdóttir formaður upplýsingaráðs var á Skype.

**Fjarverandi:** Bragi Björnsson skátahöfðingi og Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs.

## Dagskrá:

1. **Setning:** Boðað var til auka stjórnarfundar vegna úrskurðar skátaréttar sem dagsettur er 22. júní sl. FFS bauð stjórnarmenn velkomna og setti fundinn. FFS fól JPG að leiða fundinn.

## 2. Úrskurður Skátaréttar.

a. **Vanhæfni stjórnarmanna.** BB sendi tölvupóst til stjórnar BÍS og óskaði eftir því að eftirfarandi yrði bókað í fundargerð: Í samræmi við starfsreglur stjórnar BÍS sem kveða á um að stjórnarmenn hugi sjálfir að hæfi sínu lýsi ég því yfir að ég tel mig vanhæfan til að koma að ákvörðunum stjórnar er snúa að ákvörðun Skátaréttar sbr. 6. tl. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga sem er svohljóðandi: "Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu." Hann mætti þar af leiðandi ekki á fundinn þar sem þetta var eina málið á dagskrá. Aðrir stjórnarmenn töldu sig ekki vanhæfa til að ræða niðurstöðu Skátaréttar og viðbrögð stjórnar við honum. Rætt um mögulegt vanhæfi FFS og UGS en stjórn var sammála um að þær væru ekki vanhæfar til að ræða fyrstu viðbrögð við úrskurði skátaréttar og næstu skref.

b. **Úrskurður skátaréttar.** JPG las upp niðurstöðu úrskurðar skátaréttar og stjórn var sammála því að virða þann úrskurð, enda segir í lögum BÍS að úrskurðir Skátaréttar séu endanlegir innan hreyfingarinnar.

Í niðurlagi úrskurðar Skátaréttar stendur: „Að mati Skátaréttar var ekki gætt réttra málsmeðferðarreglna skv. framansögðu og ber af þeim sökum að vísa málinu aftur til meðferðar hjá stjórn Bandalags íslenskra skáta. Með hliðsjón af framansögðu er það mat Skátaréttar að rétt sé að fella úr gildi ákvörðun stjórnar Bandalags íslenskra skáta um að víkja kæranda úr skátastarfi og jafnframt að máli tilkynnenda skuli vísað til réttrar málsmeðferðar. Áréttuð er nauðsyn þess að kalla til utanaðkomandi aðila til formlegrar aðstoðar og ráðgjafar og að gætt sé réttra málsmeðferðarreglna.“

Allir aðilar í starfandi viðbragðsteymi (trúnaðarteymi) hafa lýst yfir vanhæfi sínu í málinu sem um er fjallað. Stjórn þarf því að skipa viðbragðsteymi, að lágmarki þrjá einstaklinga, í samræmi við tilmæli Skátaréttar og viðbragðsáætlun BÍS. Stjórn samþykkti að skipa einn aðila úr stjórn og tvo aðra. Stjórn samþykkir að skipa Sonju Kjartansdóttur í stað skátahöfðingja, Sr. Hans Guðberg Alfreðsson prest í stað Huldu Sólrúnar Guðmundsdóttur og Jón Lárusson, lögreglumann í stað framkvæmdastjóra BÍS. Í samræmi við úrskurð Skátaréttar er áréttað að viðbragðsteymi kalli til utanaðkomandi aðila eftir þörfum þ.m.t lögfræðilegri ráðgjöf til að gæta réttar málsmeðferðar.

Stjórn hefur þegar samþykkt að biðja Skátarétt um að koma með drög starfsreglum fyrir sig þegar þessu máli lýkur eins og fram kemur í 08. fundargerð stjórnar BÍS dagsett 13. apríl 2016.

Fleira ekki rætt.

Næsti fundur verður laugardaginn 23. júlí kl. 15:00 í Gilwellskálanum.

Fundi slitið kl. 19:35.

Fundargerð ritaði HS